

Alþingi
Erindi nr. P 138/1665
komudagur 31.3.2010

Nefndasvið Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2010

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 95/2000 um foreldra- og fæðingarorlof með síðari breytingum

Alþjóðleg ættleiðing fagnar mjög þeirri breytingu sem lögð er til með frumvarpi því sem hér er til umsagnar og hvetur til þess að það verði samþykkt óbreytt.

Alþjóðleg ættleiðing telur það mikið réttlætismál fyrir börn sem ættleidd eru af einu foreldri eða fæðast við tæknifrjóvgun þar sem aðeins er um að ræða eitt foreldri, fái notið samvista við foreldri sitt í 9 mánuði til samræmis við þau börn sem eiga tvo foreldra. Þetta frumvarp er þannig í fullu samræmi við 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem segir í 1. mgr. að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

Það er von Alþjóðlegrar ættleiðingar að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllst, f.h. Alþjóðlegrar ættleiðingar

Birna Ósk Einarsdóttir, formaður